

## Skipulagsstofnun óskar eftir frekari upplýsingum

---

**Málsnúmer** : 202306141

**Málsaðili** : Vegagerðin

**Skráð dags** : 3.10.2023 14:04:55

**Höfundur** : Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sæl Helga, Áður en Skipulagsstofnun getur tekið ákvörðun í málinu þurfum við að fá svör við eftirfarandi atriðum; 1. Í svörum ykkar til Vatnajökulsþjóðgarðs kemur fram að "Vegagerðin muni kanna betur möguleikann á að nota svæði sem eldri aflögð veglína liggur um." Hvar liggur þessi eldri veglína og væri hægt að sýna hana á korti samhliða núverandi veglínu og fyrirhugaðri, m.t.t. varps skúmsins. 2. Fram kemur í greinargerð að "til að neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna á fuglalíf verði sem minnst verður gripið til áðurnefndra mótvægisáðgerða og reynt að skerða skúma- og helsingjavarp sem minnst með því að færa veginn til þar sem hann liggur í gegnum þéttasta varpið." Líkt og raunin er sbr. skýrslu Náttúrustofu Suðausturlands. Að þessu sögðu spyr Skipulagsstofnun er raunhæft að færa veginn og hvaða möguleikar eru á færslu hans til að sneiða framhjá óðöllum skúmsins. Kveðja, Þórdís Stella